

65



HAFNARFJARÐARBÆR
SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚI
Strandgötu 8-10, 220 Hafnarfjörður
Sími 585 5600 Fax 585 5609

Hafnarfjarðarbær
Innk: 18.10.16
Málsnr: 1610262
Erófat: 521.1

UMSÓKN

Umsókn um byggingarleyfi

Afgreiðsla skipulags- og byggingarfulltrúa
<input type="checkbox"/>

1. Umsækjandi

Nafn umsækjanda/eiganda	Kennitala	Heimilisfang	Netfang
Þæver ehf	41106-1010	Síðumála 20, 108R	bjartan@lytogheita.is

2. Lóð

Heiti	Nr.	Staðgreinir	Matshluti	Landnúmer
Fjarðergata	B-15	23000130	01	111722

3. Tegund byggingar / framkvæmdar

<input type="checkbox"/> Einbýlishús	<input type="checkbox"/> Parhús	<input type="checkbox"/> Raðhús	<input type="checkbox"/> Fjölbýlishús	<input checked="" type="checkbox"/> Atvinnuhúsnæði
<input type="checkbox"/> Skilti	<input type="checkbox"/> Annað, hvað?			

4. Framkvæmd sem sótt er um

Aðrar upplýsingar varðandi framkvæmd	Framkvæmd	Aðalbyggingarefni
Breyting innviðinga	<input type="checkbox"/> Ný framkvæmd / nýbygging <input type="checkbox"/> Viðbygging <input checked="" type="checkbox"/> Breyting inni <input type="checkbox"/> Breyting úti	<input type="checkbox"/> Steinsteypa <input type="checkbox"/> Timbur <input type="checkbox"/> Stál <input type="checkbox"/> Gler

5. Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn

<input checked="" type="checkbox"/> Uppdráttarblöð í þríriti	<input type="checkbox"/> Samþykki nágranna	<input type="checkbox"/> Frávik frá skilmálum/breyting á landnotkun
<input type="checkbox"/> Mæliblað	<input type="checkbox"/> Ástandsskýrsla	<input type="checkbox"/> Umsógn Húsfriðunarnefndar ríkisins
<input type="checkbox"/> Hæðarblað	<input type="checkbox"/> Breytingar á eignaskiptum	<input type="checkbox"/> Vottunbyggingareininga
<input checked="" type="checkbox"/> Bréf umsækj./hönnuða	<input type="checkbox"/> Starfsleyfisskyld atvinnustarfsemi	<input type="checkbox"/> Skráningartafla
<input type="checkbox"/> Samþykki meðeig. / -lóðarhafa	<input checked="" type="checkbox"/> Brunavarnaupprættir	<input type="checkbox"/> Gátlisti

6. Undirritun

Við byggingarframkvæmdir sem sótt er um verður farið eftir ákvæðum byggingarlaga, byggingarreglugerðar og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

í fullu umboði lóðarhafa, staður		dagsetning:	
Johannes Halmarsson		18/10/2016	
Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Netfang/Sími
Johannes Halmarsson	121057-6039	Langveggi 164 105R	johannes@glemshim.is 8608101

Kvittun fyrir móttöku

GLÁMA · KÍM

Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík 18.10.2016


Erindi: Umsókn – Fjarðargata 13-15 (Fjórður) – staðgr. 1400-I-23000130 – landnr. 111722 – Matshluti 01, rými 01-08, 01-09, 01-10 - breyting á innra fyrirkomulagi verslunarrýmis.

Með bréfi þessu og meðfylgjandi uppdráttum er óskað eftir því að fá samþykktu breytingu á verslunarrými í matshluta 01. Breytingin felst í því að sótt er um leyfi til að breyta innréttingum apóteks og gleraugnaverslunar.

Erindinu fylgja eftirfarandi gögn:

- Minnisblað Verkís verkfræðistofu (Davið S. Snorrason eldvarnasérfræðingur) vegna brunahönnunar - dags. 2.5.2016
- Uppdrættir Glámu Kíms arkitekta Laugavegi 164 ehf – með áritun Verkís vegna eldvarna og aðalhönnuðar.
- Skráningartafla vegna húsbýggingarinnar (hefur líka verið send rafrænt á skranbygg@reykjavik.is)

Í fullu umboði eiganda (Faxar ehf.), og
f.h. Glámu – Kíms arkitekta
Laugavegi 164



Jóhannes Þórðarson
arkitekt FAÍ
s. 860 8101
johannes@glamakim.is

FJARÐARGATA 13-15

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 16xxx-001
VERKHLUTI: 01
HÖFUNDUR: Davíð S. Snorrason
DREIFING: Gláma Kím

DAGS.: 2016-05-02
NR.: 01

Endurbætur: Apótekarinn og Augasteinn

Verkís verkfræðistofu var falið að yfirfara aðaluppdrátt Glámu Kím arkitekta vegna endurbóta á apóteki og gleraugnabúð á 1. hæð í húsnæði við Fjarðargötu 13-15 í Hafnarfirði. Verið er að stækka rými apóteksins og gleraugnabúðarinnar en fjarlægja lítið bakrými sem hefur haft ýmsa starfsemi í gegnum árin. Nýr rekstaraðili tekur við apótekinu. Nýir aðaluppdrættir hafa verið unnir af Glámu Kím arkitektum og gera þeir grein fyrir breytingunum.

Byggingin er skilgreind sem verslunarhúsnæði í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð.

Þetta minnisblað fjallar um þær breytingar sem verið er að sækja um til byggingarfulltrúa. Ekkert er fjallað um svæði utan breytinganna og engar breytingar gerðar á neinum konseptum í byggingunni. Breytingasvæðið er lítið og afmarkað og tryggt verður að kröfur um brunavarnir m.t.t. öryggis fólks verður að uppfylla í rýmnum. Þetta felur fyrst og fremst í sér bætt fyrirkomulag flóttaleiða og uppfærslu á mikilvægum kerfum í rýmnum (vatnsúðakerfi og brunaviðvörðunarkerfi).



Mynd 1. Séð framan á húsið þar sem ný flóttaleið mun koma úr apótekinu

Brunahólfun

Verslunarrýmið er með brunahólfandi veggjum á milli eininga a.m.k. EI 60. Rýmið verða tvö (Apótekarinn um 180m² og Augastaður um 90m²) en voru þrjú fyrir breytingarnar. Ekki er brunahólfun fram á ganginn en þar er glerlokun eins og áður.

Burðarþol

Engar breytingar verða gerðar á burðarvirki hússins.

Gert er ráð fyrir að burðarvirki hússins uppfylli kröfur byggingarreglugerðar.



Yfirborðsefni

Loft- og veggklæðningar innanhúss skulu uppfylla kröfur um klæðningu í flokki 1 og skilyrði ÍST EN 13501-1 um flokkunina K210 B-s1,d0.

Yfirborð gólfa eru í flokki G skv. ÍST EN 13501-1 um flokkunina Dfl-s1.

Nota skal óbrennanlega einangrun (A2-s1,d0).

Flóttaleiðir

Boðið er upp á tvær innbyrðis óháðar flóttaleiðir úr rýmum. Í tilfalli Apótekarans er önnur út í göngugötu verslunarmiðstöðvarinnar en hin beint út. Augastaður er aftur á móti með tvær flóttaleiðir fram í göngugötuna, sem teljast ekki óháðar. Þetta er þó talið ásættanlegt þar sem um gang er að ræða og auk þess er opnunin í forstofunni rétt við útganginn.

Fyrirkomulag flóttaleiða má sjá á aðaluppdráttum.

Dyr í flóttaleiðum eru a.m.k. 0,90m breiðar. Hurðir í flóttaleiðum opnast almennt í flóttaátt. Hurðir í flóttaleiðum skulu hafa viðurkenndan opnunarbúnað og uppfylla ÍST EN 179, opnast með einu handtaki og án læsingarbúnaðar. Glerlokun fram í verslunargötu er frábrugðin, þar eru hurðir opnar á opnunartíma og fastar opnar. Þannig mun hurðin ekki hafa áhrif á flæðið. Lokunaríbúnaðurinn skal þó þannig útfærður að stafsólk sem kann að vera að starfa eftir lokun geti opnað hurðirnar á vandkvæða.

Neyðarlýsing

Neyðarlýsing skal yfirfarin í verslunarrýmum skv. kröfum núgildandi byggingarreglugerðar, ÍST EN 1838:2013: Lighting Application - Emergency Lighting og EN 50172:2004: Emergency Escape Lighting Systems. Almenn neyðarlýsing skal vera 1 lúx á flóttaleiðum, en það er á milli hurða í sitthvorum enda rýmanna. Neyðarlýsing þar sem öryggisíbúnaður er staðsettur verður 5 lúx.

Brunaviðvörðunarkerfi

Viðurkennt, sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð er í byggingunni í dag. Yfirfara þarf kerfið í rýmum með hliðsjón af breytingunum. Hafa skal hliðsjón af ÍST EN 54 og leiðbeinigum Mannvirkjastofnunar um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi.

Vatnsúðakerfi

Byggingin er varin með sjálfvirku vatnsúðakerfi skv. EN 12845.

Svæðið sem nú er verið að breyta (á 1. hæð) er allt varið með vatnsúðakerfi og verður það endurhannað til samræmis við breytingarnar. Breytingar á kerfinu skulu teiknaðar og lagðar inn til samþykktar hjá byggingarfulltrúa.

Handslökkvibúnaður

Brunaslöngur eru í byggingunni en ekki í þessum rýmum sbr. núgildandi aðaluppdrátt. Handslökkvitæki verða sett í rýmin tvö skv. ÍST EN 3. Hvergi verður lengra en 25m í næsta handslökkvitæki.

Reyklosun

Reyklosun er um opnanlega glugga og hurðir úr rýmum. Reyklosun af göngum/alrými er óbreytt.

Loftræsikerfi

Einhverjar smá breytingar þarf að gera á loftræsikerfinu vegna breytinganna.

Loftræsikerfið skal þannig hannað og frá því gengið að það rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. Breytingar á kerfinu skulu hannaðar í samræmi við kröfur núgildandi byggingarreglugerðar.



Viðhald brunavarna

Eigendur/forráðamenn byggingarinnar þurfa að sinna viðhaldi og eftirliti brunavarna sbr. reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna á brunavörnum í atvinnuhúsnæði nr. 200/1994.

Tryggja þarf að þjónustusamningar séu í gildi vegna eftirlits og viðhalds á vatnsúðakerfi, brunaviðvörðunarkerfi, handslökkvibúnaði og neyðarlýsingu.